

AUGLÝSING

um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í febrúarmánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í febrúarmánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

- | | |
|---|---------------|
| 1. Skreið | Útborgun 1,4% |
| 2. Hörpudiskafurðir | Útborgun 4,5% |
| 3. Afurðir lýsis- og mjölverksmiðja, þó ekki unnið lýsi | Útborgun 6,9% |

Ofangreindar útborganir eru af reikningum deilda fyrir viðkomandi afurðir úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða einhvers reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurða í febrúarmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. janúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum, sbr. rg. nr. 293/1979, 443/1979 og 251/1984 um breytingar á henni.

1. gr.

Við grein 4.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Frá og með 1. apríl 1993 eru ekki heimilar reykingar í flugi með farþega milli Íslands og annarra Evrópulanda.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. janúar 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.